



Umhverfisteymi

One 1110137

Fundur 37

3. febrúar 2015

Mættir: Helga Stefánsdóttir – forstöðumaður á Umhverfi og framkvæmdar
Ishmael David – verkefnistjóri, Umhverfi og framkvæmdir
Berglind Guðmundsdóttir – landslagsark., Skipulags- og byggingarsviði
Björn Hilmarsson – Yfirverkstjóri PMH, Umhverfi og framkvæmdir
Guðjón Sverrisson – garðyrkjustjóri, Umhverfi og framkvæmdir

Forföll:

1. Villikettir í bæjarlandi Hafnarfjarðar – one 1412249

Erindinu var vísað til teymisins á fundi Umhverfis- og framkvæmdaráðs 28. janúar. Bærinn er með samkomulag við Kattholt sem tekur við öllum fönguðum köttum í Hafnarfirði. 2014 var 171 köttur tekinn til vörslu í kattageymslum Kattholts fyrir sveitarfélögin. 32 var komið til síns heima að nýju og 42 fengu nýtt heimili. Bæjarráð mun afgreiða styrkbeiðnina. Teymið óskar eftir umsögn Kattfélags Íslands og Heilb.eftirlits.

2. Aðalskipulag, grænu kaflarnir

Teymið leggur til haldin verði kynning á umhverfismálum í aðalskipulaginu fyrir ráðið. BG mundir kynna.

3. Fjárhagsáætlun 2015

Rædd niðurstaða fjárhagsáætlunar 2015.

4. Hvaleyrarvatn - útvistarsvæði

Deiliskipulag Hvaleyrarvatns tekið til umræðu. Umhverfisteymið beinir því til ráðsins að mörkuð verði stefna um uppbyggingu svæðisins. Núverandi lega Hvaleyrarvatnsvegur stendur uppbyggingu svæðisins í vikinni fyrir þrifum.

5. Hreinsun á illgresi

Þar sem mikið rigndi síðasta sumar bar meira á illgresi, mosa og grasi á svæðum þar sem slíkt hefur ekki verið áberandi. Nokkrar aðferðir eru þekktar fyrir utan það að eitra. Notaðir hafa verið gasbrennarar en það eru vandmeðfarin tæki og ekki fyrir hvern sem er. Árangur er síðan ekki varanlegur. Háþrýstíþvott hefur einnig verið nýtt en slíkt er ekki heldur varanlegt. Meðferð með náttúrulega froðuefni er eitthvað sem Rvk hefur verið að skoða og stefnum við á samstarf. BH

6. Grenndargámakerfið – one 1411063 og þróun Blátunnunnar

Rætt fyrirhugað útboð í grenndargámakerfinu og hugmyndir um frekari flokkun.

7. Umhverfisvöktun á Völlunum – one 1409586 (Rannsókn á þungmálum og brennistein í mosa í Hafnarfirði one 1310300)

Mælir Nýsköpunarmiðstöðvar er enn að mæla fallryk hér við húsið. Áætlað er að bærinn kaupi mæli á árinu.

**8. Varanlegar fuglavarðingarnir gegn mávi, starra, dúfum og fl - one 1406316**

Borist hefur kynningarefni varðandi varðingarnir gegn vargi. Tillagan gengur út á að fæla fuglinn með hljóði.

9. Hausttiltekt í Hafnarfirði 2014 – one 1409277 og 1409846

Rætt um verkefni. 150 tonn af úrgangi söfnuðust nú í haust í samanburði við 65 tonn 2013 og 115 tonn 2012. Í heildina hafa því safnast 330 tonna af úrgangi til förgunar og endurvinnslu síðustu 3 ár.

10. Skógræktin - hreinsunarverkefnið

Búið að endurnýja samninginn. Farið var yfir skýrslur frá skógræktinni vegna hreinsunar.

11. Seltún - one 1308268

Næsta sumar er stefnan sett á að laga bílastæðin en einnig þarf að fara að skoða vatns- og rafmagnsmál. Stutt er í rafmagn þar sem HS veitur lögðu streng í Krýsvík nú í sumar.

12. Vegvísunarskiltin – one 1311380

Rætt um stöðuna á verkefninu.

13. Úttektir á leiksvæðum one 1009022

Enn er verið er að vinna úr athugasemdum – búið er að yfirfara um 70%. Bíðum eftir að snjóaleysi.

14. Alaskalúpína og skógarkerfill - stefnumótun

Lagt hefur verið fram nýtt fræðslurit um alaskalúpínu og skógarkerfil sem gefið var út núna á þessu ári. Unnið verður áfram með það m.a. svæðin kortlögð sem unnið verður að því að halda lúpínu/kerfli í skefjun. GS/ID klára málið.

15. Beitarhólf one1104099, one 1412242 one1412046

Búið er að samþykkja áframhaldandi styrk til Landgræðslunnar varðandi uppgræðslu á beitarhólfinu við bjargið. Búið er að samþykkja einnig áfram haldandi samvinnu við GFF með uppgræðslu við Kleifarvatn. Hluti af hrossataði fer síðan í uppgræðslu í hestahólfinu.

16. Vindspil á Mölum

BG er að gera tillögu að frágangi við verkið.

17. Friðlýst svæði, ársskýrsla v friðlýstra svæða

Friðlýst svæði í Hafnarfirði eru:

- Ástjörn
- Gjárnar
- Hamarinn
- Litluborgir
- Stekkjarhraun
- Hleinar
- Hvaleyrarlón/höfði

Í aðalskipulagi 2013-2025 er gert ráð fyrir að friðlýsa tvö svæði sem eru á náttúruminjaskrá. Eftir er að klára samninga bæjarins við Ust vegna þessara svæði en ÓHÁ er að vinna í þessu. Búið er að hafa samband við USt varðandi skiltun á þessum svæðum. Varðandi frekari friðlýsingar þarf ráðið að taka það sérstaklega fyrir.



18. Fundur Staðardagskrárfulltrúa/BG

Ekki verið fundað.

19. Fundir

- Sats er í 7-8 maí - Snæfellsbæ
- Samgus 26-27 mars - Reykjanesbæ
- Ársfundur Umhverfisstofnunar er í vor
- Gróðurvist í þéttbýli, ráðstefna er 10. apríl
- Umferðarþing og Samgönguþing verður 19. febrúar
- Evrópuvika sjálfbærrar orku er 15-19. júní

Næsti fundur verður 2. mars 2015

Ritað: Helga Stefánsdóttir